Reykjavík, 7, nóvember 2025

Erindi til bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar varðandi fjárhagslegan stuðning í verkefni tengt dýravelferð

Við óskum við hér með eftir stuðningi við dýravelferðarverkefni okkar, **VETRARFÓÐRUN VATNAFUGLA í Hafnarfjarðarbæ.**

Hópurinn okkar samanstendur af sjálfboðaliðum sem sinna fóðrun vatnafugla – aðallega er um að ræða endur, gæsir og álftir - á veturna bæði í Reykjavík og nágrannasveitafélögum . Fólk gefur víða smáfuglum í görðum yfir veturinn en andfuglarnir hafa orðið útundan og þurfa sárlega á stuðningi að halda.

Undirrituð stofnaði þennan hóp í desember árið 2022 þegar jarðbönn voru og óvenju kalt í veðri. Við störfum undir heitinu **BJÖRGUM DÝRUM Í NEYÐ** á Facebook og samtaka um velferð dýra Dýravaktin. Við höfum gefið fuglunum í Hafnarfirði daglega síðan þá yfir veturinn. Við gefum næringaríkt kornfóður og andarungaköggla og höfum notið styrkja í Reykjavík frá Dýraþjónustu Reykjavíkur fyrir fóðurgjöf innan Reykjavíkur og frá Kópavogsbæ og fengum dýrmætan stuðning frá Hafnarfjarðarbæ síðasta vetur.

Það er brýnt að rétta fuglunum hjálparhönd yfir harðasta vetrartímann en við metum það svo að þörfin fyrir Hafnarfjörð sé um 60 kg af fóðri á dag yfir harðasta veturinn. Við gefum á tveimur stöðum við lækinn, við Lækjarkinn stífluna og við litlu tjörnina við Hafnarborg. Þetta gerir um 7000 kg af korni yfir veturinn þ.e. frá miðjum desember og fram í apríl. Kornfóður er dýrt og kostar á bilinu 160 – 180 krónur per kíló. Við sjálfboðaliðar leggjum talsvert fé úr eigin vasa í fóðurkaup. Allur stuðningur er því vel þeginn.

Við óskum eftir því að Hafnarfjarðarbær styðji okkur árlega eins og önnur sveitarfélög með myndarlegu framlagi svo unnt verði að halda fóðurgjöf áfram. Á síðasta ári nam styrkurinn 100.000 krónum. Við óskum eftir 200.000 króna styrk að þessu sinni. Jafnframt væri æskilegt að setja upp skilti við Lækinn og við stífluna í Lækjarkinn með leiðbeiningum til fólks varðandi hvað er best að gefa andfuglunum. Við höfum því miður séð að sumir tæma ruslaföturnar sínar við tjarnirnar, losa sig við lambalæri, fisk, eggjaskurn og alls kyns drasl sem getur skaðað fuglana og stytt líf þeirra. Við getum hannað skilti með upplýsingum á íslensku og ensku í samvinnu við ykkur. Það er mun betra í alla staði að fóðrun sé skipulögð og framkvæmd reglulega af fólki sem hefur þekkingu og reynslu af slíku. Við njótum samstarfs við fugla- og vistfræðina hérlendis sem erlendis er kemur að vali á fóðri.

Það þarf ekki að tíunda það hve mikils virði það er fyrir bæjarbúa og ferðamenn að njóta nálægðar við villta fugla innan bæjarmarka og er ég þess fullviss að Hafnarfjarðarbær vill sjá til þess að aðbúnaður og umhverfi fuglanna sé til sóma fyrir bæjarfélagið.

Virðingarfyllst
Ingiveig Gunnarsdóttir
Fyrir hönd Dýravaktarinnar kt. 630125-0220. www.dyravaktin.is